

Mannréttindaskrifstofa Íslands
Laugavegi 7 - 101 Reykjavík

Sími: 552 2720 - Fax: 552 2721 Netfang: icehr@humanrights.is

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Mannréttindaskrifstofu Íslands – MRSÍ - hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögreglulögum, lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002, 494 mál. Gert var ráð fyrir að umsögn þessi bærist fyrir 12. mars en vegna ferðar undirritaðrar erlendis var ekki unnt að koma henni í tæka tíð. Brýnt þykir þó að fram komi afstaða MRSÍ til þeirra lagabreytinga, sem um ræðir.

Virðingarfyllt,
f. h. Mannréttindaskrifstofu Íslands
Reykjavík, 22. mars 2002,

Margrét Heinreksdóttir, frkv.stj.

ATHUGASEMDIR

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS

Við frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögreglulögum, lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002, 494 mál.

I kafli - 1. gr.

Engin athugasemd

II kafli - 2. gr.

MRSÍ telur þetta ákvæði andstætt bæði tjáningarfrelsisákvæðum og persónu frelsisákvæðum stjórnarskrárinnar, Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, svo og Alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Að mati MRSÍ er of langt gengið að heimila slíkar takmarkanir þessara mikilvægu réttinda vegna *hugsanlegra óspekta*; þar er farið út fyrir þann ramma takmarkana, sem ofangreind ákvæði heimila. Þarf að mati MRSÍ að vera yfirvofandi hætta á alvarlegri atburðum en “óspektum” til að slíkar heimildir til handa lögreglunni verði ásættanlegar.

Í 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar segir, að ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða. Ekki verður annað séð en að ákvæðið, sem hér er lagt til að verði lögleitt, jafngildi fyrirfram ákveðnum tálmunum á tjáningarfrelsi.

Áhersla hefur verið lögð á það af hálfu Mannréttindadómstóls Evrópu og fræðimanna, sem hafa fjallað um tjáningarfrelsisákvæði mannréttindasamninga, hvort heldur er 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu eða 19. gr. Alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgara- og stjórnmalaréttindi, sbr. og 19. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, að tjáningarfrelsið nái til allra hugsanlegra tjáningarforma. Það getur verið þáttur í tjáningu hugsana, hugmynda og skoðana að hylja andlit sitt eða hluta þess með “grímu, hettu, málningu eða öðru þess háttar” hvort heldur það er gert “á mótmælafundi, í kröfugöngu eða á annarri slíkri samkomu....”

Af ákvæðinu og greinargerðinni, sem því fylgir, má skilja, að það sé sérstaklega til þess ætlað, að unnt verði að bera kennsl á þáttakendur í mótmælafundum, kröfugöngum eða öðrum álíka samkundum, væntanlega þá m.a. með myndavélum, sem farið er að koma upp á almannafæri. Það eitt út af fyrir sig verður að telja skerðingu á friðhelgi einkalífs, sbr. 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 17. gr. Alþjóðasamnings um borgara- og stjórnmalaréttindi.

Skiljanlegt er að leitast sé við að stemma stigu við alvarlegum eignaspjöllum, ofbeldisbrotum og atilögum gegn lögreglunni en afar hæpið að ganga svo langt sem hér er gert. Í greinargerðinni er til þess vísað, að í rétti ýmissa nágrannaþjóða, svo sem

Norðurlandþjóðanna, Þýskalands, Holland og Englands, séu ákvæði í lögum um grímubann. Þar segir hinsvegar ekkert um orðalag þessara erlendu ákvæða né skilyrði fyrir slíku banni. Er hér með skorað á þingmenn að kynna sér þau til hlítar áður en þeir taka afstöðu til þess ákvæðis, sem hér er lagt til að lögfest verði.

Ákvæði 3. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um féлага- og samkomufrelsi er sem kunnugt er þrengra en ákvæði 11. gr. Mannréttindasáttmálans og 21. gr. Alþjóðasamningsins um samkomufrelsi. Íslenska ákvæðið heimilar mönnum að safnast saman “vopnlausum” en alþjóðasamningarnir kveða báðir á um, að menn hafi rétt til að koma saman með “friðsömum hætti”. Í þeim báðum er áskilnaður um að takmarkanirnar verði að vera nauðsynlegar í lýðræðislegu/lýðfrjálsu þjóðfélagi (vegna o.sv.frv.) sem er ekki í íslenska ákvæðinu.

Í 3. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar hefur lögreglan afar víðar - og hugsanlega vafasamar - heimildir; annarsvegar með því að henni er heimilað að “vera við” almennar samkomur og jafnframt til að “banna” mannfundi undir berum himni ef uggvænt þyki að af þeim leiði óspektir. Orðalagið “ef uggvænt þykir....” er rúmt og veitir lögrreglunni mjög svo frjálsar hendur. Ákvarðanir hennar um það, hvernig hún nýtir þær, eru að vísu háðar endurskoðun dómstóla ef á reynir og í því felst vörn réttarins en mikla fyrirhöfn og fjármuni þarf til að leita þeirrar réttarverndar.

Það er mat MRSÍ, að þær heimildir, sem lögreglan hefur til afskipta af einstaklingum samkvæmt þessu ákvæði stjórnarskrárinnar og núgildandi ákvæðum 15. gr. lögreglulaga, séu meira en nægar til þess að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu á mótmælafundum, í kröfugöngum eða á öðrum slíkum samkundum, jafnvel þótt “uggvænt” þyki, að til óspekta geti komið. Því sé ónauðsynlegt og afar varasamt að lögfesta þá skerðingu mannréttinda sem hér er lagt til.

II kafli – 3. gr. – 6. gr.
Engar athugasemdir

Reykjavík, 22. mars 2002.

Margrét Heinreksdóttir.